

Skólanefnd

Fundur 20. febrúar 2024

Viðstaddir: Erla Ragnarsdóttir, Júlía Jörgensen, Árni Sverrir Bjarnason, Daníel Scheving, Árni Freyr Guðnason, Anna Kristín Jóhannesdóttir, Perla Eyfjörð Arnardóttir formaður NFF.

Fundur í fundarherberginu Hamri kl. 8:00

Fundargerð ritar Sigrún Karlsdóttir

1. Helstu áherslur í skólastarfi

Farið var yfir helstu áherslur í skólastarfi, til dæmis að koma upp alþjóðasviði, nýsköpun og fleira. Opín kerfi eru með umsjón á tölvukerfi skólans og þykir það ganga nokkuð vel. Skólastjórnendur í öðrum framhaldsskólum komu og funduðu í skólanum. Rætt um hættu á ofbeldi og hótunum í garð nemenda og starfsfólks.

2. Nemendatölur

Farið yfir nemendatölur, endurinnrituðum er að fækka og því sumir áfangar frekar fámennir. Erla fer yfir helstu tölur og námsárangur.

3. Starfsmannahald

Tveir kennarar hættu um áramót, þær Eygló Jónsdóttir og Ósk Guðmundsdóttir. Stundakennarar eru sex á þessari önn. Í leyfi eru Júlía B. Björnsdóttir og Heimir Björnsson. Staða fjármálastjóra hefur verið auglýst og nokkrum verið boðið í viðtal.

Perla kynnir leikritið þessa önn, sem er byggt á Ávaxtakörfunni. Sýningar verða frá 10. apríl í Bæjarbíói.

4. Skólaþróun og sérverkefni.

Upplýst um að þrír starfsmenn fengu að læra núvitund í starfsþróunarverkefni og einn kennari er að búa til verkefnamiðaðann áfanga í dönsku.

5. Húsnæði og framkvæmdir

Þakið á Hamri er farið að leka og er ónýtt. Ljósín sem lýsa upp gamla húsið eru að hluta til í endurskoðun. Verið er að gera úti kennslustofu og miðar verkinu vel áfram. Stefnt er á að breyta tölvutorginu í námsaðstöðu án tölva. Farið yfir fjármál skólans. Skólinn er ekki innan heimilda. Farið var í aðhald í fjármálum en ekki beinan niðurskurð. Ársreikningur tilbúin í mars og ársskýrslan líka.

6. Fræðslu- og starfsþróunaráætlun

Farið yfir fræðsluáætlun og starfsþróunarverkefni.

7. Stofnun ársins

Farið yfir niðurstöður úr Stofnun ársins. Hækkun úr 3,73 í 4,05 sem er mjög jákvætt. Skoðaðar helstu tölur í könnuninni svo sem jafnréttismál og fleira. Jafnréttisáætlun uppfærð.

8. Jafnréttisáætlun skólans

Farið yfir nefndir og ráð. Rýnt í nefndir þar sem hallar töluvert á karlmenn en þeir eru færri en konur á vinnustaðnum. Nemendafélagið reynir líka að fá fleiri strákana með í NFF.

9. Það sem framundan er

Starfsdagurinn kynntur þar sem starfsfólk hittir aðra í sömu stöðu í hinum framhaldsskólunum. Perla kynnir það sem er framundan hjá NFF. Árshátíð, fræðsla, fjör, leiksýning og Ball í Gamla bíói. Brautskráning er 25. maí klukkan 13:00.

10. Önnur mál

Spurt um sameiningu við Tækniskólann sem er ekki til umræðu lengur.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 9:10

